

Hraunfossar - Barnafoss ehf.  
Laxeyri  
320 Reykholt

Reykjavík, 9. desember 2022  
UST202211-184/Þ.V.B.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Lýsing – Hraunfossar og Barnafoss**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Hraunfossar - Barnafoss ehf., dagsett 22. nóvember 2022 um leyfi til framkvæmda innan Hraunfossa og Barnafoss.

Hraunfossar og Barnafoss er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 410/1987. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að setja upp lýsingu við göngustíg frá veitingahúsi sem staðsett er innan náttúruvættisins að fyrsta útsýnispallinum. Staurarnir yrðu settir upp með um 12 metra millibili og eru um 100 cm háir og lýsa niður á gangstíginn. Grafnar yrðu holur í kant stígsins til að koma staurunum fyrir og rafmagnskapallinn myndi liggja á jörðinni og falin í sinu og gróðri. Hugsanlega yrði notuð mínigrafa til að koma staurunum fyrir. Jafnframt er óskað eftir leyfi til að koma fyrir 3 kösturum undir útsýnispallinum til að lýsa upp hluta af Hraunfossunum. Kveikt yrði á lýsingunni þegar hópar eru á svæðinu á kvöldin eða eftir óskum. Þess á milli verður slökkt á henni. Að verkinu kæmu 2 starfsmenn og áætlað er að fara í það í desember 2022.

### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Gestir gætu orðið fyrir truflunum á meðan framkvæmdir fara fram en til lengri tíma litið lítur stofnuninn svo á að verkefnið muni auka öryggi gesta og minnka það að farið sé útfyrir stíga.

### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Hraunfossar - Barnafoss ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan innan Hraunfossa og Barnafoss sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í mánuð frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

- Einungis skal aka mínigröfuni að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur mínigröfunar að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Þar sem við á skal koma fyrir merkingum um hjáleiðir meðan framkvæmdir fara fram.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald ljósastaura og kastara og ef notkun þeirra er hætt skulu þeir fjarlægðir.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
*sviðsstjóri*

Valdimar Kristjánsson  
*sérfræðingur*